



Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands Aðalfundur Jarðfræðafélags Íslands 15. apríl 2011 í Öskju, Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands

- 1) Árleg vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands verður haldin föstudaginn 15. apríl 2011 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Aðalfundur JFÍ verður haldinn í hádegishléi og verða aðalfundargögn send félagsmönnum fyrir fundinn.
- 2) Um er að ræða heilsdagsráðstefnu, frá kl 09:00 til 17:00. Auglýst er eftir ágripum erinda og veggspjalda og tilkynningu um þátttöku. Aðeins verður tekið við ágripum frá þeim sem eru þátttakendur á ráðstefnunni og eru skil ágrips tekin sem skráning á ráðstefnuna.
- 3) Lokadagur til að skila inn ágripi er **28. mars klukkan 12:00**. Tekið skal fram hvort höfundar óska eftir erindi eða veggspjaldi. Skráning og ágrip sendist á Þorstein Sæmundsson, steini@nnv.is. **Við skráningu þarf að koma fram nafn, heimilisfang, kennitala, greiðandi og hvort viðkomandi er félagsmaður í Jarðfræðafélaginu.** Þess er eindregið óskað að ágrip og skráning berist sem fyrst til að minnka vinnuálag á skipuleggjendur ráðstefnunnar.
- 4) Þátttökugjald er 9.000 kr. fyrir félagsmenn, 12.000 kr. fyrir utanfélagsmenn en stúdentar, sem hvattir eru til að mæta, greiða einungis 3.000 kr fyrir mat og kaffi. Áréttuð er samþykkt aðalfundar sem heimilar þeim félögum sem eru komnir á eftirlaun að taka þátt í ráðstefnunni án endurgjalds, en þeir greiði fyrir annað sem tengist ráðstefnunni. Þeim er þó að sjálfsögðu boðið upp á kaffi í hléum. Hádegisverður er innifalinn í ráðstefnugjaldi og eru þátttakendur beðnir um að taka fram við skráningu hvort þeir verði í mat.
- 5) Gert er ráð fyrir að flutningur hvers erindis og spurningar að því loknu taki 15 mín. Tíma-setningar erinda eru með þeim fyrirvara að dagskráin breytist ekki. Ágripum erinda og veggspjalda skal skila í Word eins og meðfylgjandi skrá segir til um. Ágripin verða í stærðinni A4 og er miðað við að þau verði ekki lengri en 2 síður með myndum. Fyrirsagnir verði með feitletruðu 14 punkta Times New Roman, síðan auð lína, þar á eftir komi nafn höfundar og stofnunar í 12 pt. Arial (Helvetica). Almennur texti verði í leturgerðinni Times New Roman, 12 pt. með einföldu línubili og við greinaskil verði lína inndregin. Textinn skal vera jafnaður beggja megin. Efri og neðri spássíur verði 2,5 cm hvor og vinstri og hægri spássíur 3,0 cm hvor. Athugið að texti ágripa er ekki prófarkalesinn. Augljósar villur eru leiðréttar við uppsetningu og frágang en að öðru leyti er texti ágripa og framsetning hans á ábyrgð höfunda. Ágrip verði á íslensku séu höfundar íslenskir, en erlendir gestir geta skilað ágripum á ensku. Tungumál ráðstefnunnar er íslenska, en heimilt verður að flytja erindi á ensku. Veggspjöld verða fest á einingar sem eru 1 m á breidd og 2,5 m á hæð og miðað er við að þau verði komin upp í Öskju, Náttúrufræðahúsi kl. 08:45 og verði tekin niður kl. 19:00.